



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram þrír fundir sveitarstjórnar, þar af einn aukafundur, sem haldinn var 29. desember 2022.

Á aukafundi sveitarstjórnar, nr. 366 var tekin fyrir hækkun útsvarsálagningar, en málið felur í sér samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og þriggja ráðuneyta um sérstaka viðbótarfjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Viðeigandi lagabreytingar verða samþykktar á Alþingi og allar sveitarstjórnir þurftu fyrir áramót að samþykkja 0,22% hækkun útsvars fyrir áramót, svo samkomulagið raungerist. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti því að álagningahlutfall útsvars í Hvalfjarðarsveit fyrir árið 2023 yrði 13,91%. Með þessu fylgir ekki hækkun á skattbyrði skattgreiðenda og vill sveitarstjórn árétta að samkvæmt samkomulaginu þurfa sveitarfélögin að samþykkja útsvarshækkunina en á móti lækkar ríkið tekjuskatt sem því nemur. Það þýðir að skattgreiðendur borga sama hlutfall og áður í skatt og eiga þannig ekki að finna fyrir breytingunni. Hlutfallið sem skattgreiðendur hefðu greitt til ríkisins fer í staðinn til sveitarfélaganna og þaðan inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til fjármögnunar málaflokks fatlaðra.

Á sama fundi fór fram síðari umræða um breytingar á samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar nr. 692/2022, sem að mestu leiti felur í sér breytingar vegna nýrra barnaverndarlaga. Þær lagabreytingar fela meðal annars í sér að barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar taka við verkefnum barnaverndarnefnda. Um áramót varð formlegur aðskilnaður milli starfsmanna barnaverndarþjónustu og þeirra sem sjá um að kveða upp úrskurði í barnaverndarmálum. Umdæmisráðin eru skipuð þremur aðilum: Lögfræðingi sem er formaður, félagsráðgjafa og sálfræðingi. Hvalfjarðarsveit er aðili að sameiginlegu umdæmisráði landsbyggðarinnar.

Fyrsti fundur sveitarstjórnar á nýju ári fór fram þann 11. janúar, fundur númer 367. Þar voru ýmis mál tekin fyrir, m.a. úrgangsmál í Hvalfjarðarsveit, samkomulag um kaup á dróna sem fellur undir búnaðarkaup slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar samþykkt, breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð voru samþykktar ásamt hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar einstaklings og fleira.



Fallegur vetrardagur í Hvalfjarðarsveit

Á sama fundi var erindi frá Akraneskaupstað vegna synjunar sveitarstjórnar á erindi kaupstaðarins um færslu sveitarfélagamarka o.fl. afgreitt og í kjölfarið sendi sveitarstjórn frá sér yfirlýsingu vegna málsins, sem sjá má [hér](#).

Á 368. fundi sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn 12,5% kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda til sjóvarna á árinu 2023. Tvær beiðnir um endurgjaldslaus afnot af Miðgarði vegna þorrablóta voru inni á þeim fundi, annarsvegar frá Ungmennafélaginu Þröstum og hins vegar frá Ungmenna- og Íþróttafélagi Hvalfjarðarsveitar, báðar beiðnirnar voru samþykktar. Beiðni um styrk til almennra starfsmanna Heiðarskóla, sem skráðir eru í náms- og starfsmannaferð til Berlínar, var einnig samþykkt.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir ásamt fundargerðum nefnda og afgreiðslumálum frá þeim og hvetjum við áhugasama að skoða fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar sem finna má [hér](#) og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar auk þess að hlusta á hljóðupptökur sveitarstjórnarfunda sem finna má undir hverjum og einum sveitarstjórnarfundi.

[Senda ábendingu](#)



FASTANEFNDIR



Menningar- og markaðsnefnd:

Talið frá vinstri: Birkir Snær Guðlaugsson (*formaður, birkir@hvalfjardarsveit.is*), Elín Ósk Gunnarsdóttir (*varaformaður*), Ásdís Björg Björgvinsdóttir (*ritari*), Anna Kristín Ólafsdóttir, Guðjón Þór Grétarsson og Ása Líndal Hinriksdóttir (*starfsmaður nefndarinnar*).

Í **menningar- og markaðsnefnd** eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Starfsmaður nefndarinnar er Ása Líndal Hinriksdóttir, frístunda- og menningarfulltrúi Hvalfjarðarsveitar.
fristund@hvalfjardarsveit.is

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun og veita umsögn í menningar-, ferða-, kynningar- og safnamálum sveitarfélagsins og verndun menningarminja.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnu og þjónustu bókasafns og héraðsskjalasafns.
- Að annast umsjón með menningar- og listviðburðum á vegum Hvalfjarðarsveitar.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun um eignarhald, notkun og rekstur félagsheimila.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun, starfsemi og samstarf við nágrannasveitarfélög á sviði safnamála m.a. starfsemi byggðasafns.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun um ferða-, kynningar- og upplýsingamál fyrir sveitarfélagið t.d. áherslur um auglýsingar og kynningarmál.
- Að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar svo og starfsáætlun hvers árs.
- Að hafa umsjón með og annast úthlutun styrkja úr Menningarsjóði Hvalfjarðarsveitar.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar

Erindisbréf fyrir menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveitar, má nálgast [hér](#).

ÍPRÓTTA-, TÓMSTUNDA-, OG MENNINGAR STYRKIR

Menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveitar auglýsir árlega eftir styrkbeiðnum til menningarstarfsemi til eflingar menningarlífi í Hvalfjarðarsveit. Úthlutun úr sjóðnum skal lokið fyrir 1. júní ár hvert en auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn eigi síðar en 1. mars ár hvert. Sjá nánar [hér](#)

Eftirfarandi styrkir eru veittir börnum og ungmennum, með lögheimili í Hvalfjarðarsveit, allt að 18 ára aldri til íþrótt- og tómsundaiðkunar:

- **Íþrótt- og tómsundastyrkur** að fjárhæð 70.000 kr. á ári. Hægt er að nota styrkinn fyrir hverskyns íþróttastarf, tómsundir, tónlistarnám, námskeið eða annað sem fellur undir frístundastarf.
- **Sérstakur íþrótt- og tómsundastyrkur** að fjárhæð 30.000 kr. á ári til barna og unglunga á tekjulágum heimilum til viðbótar við grunnstyrkfjárhæð sem fæst með íþrótt- og tómsundastyrknum.
- Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótt- og tómsundaiðkendur sveitarfélagsins til **keppnisferða erlendis** um 30.000 kr. á ári.
- Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótt- og tómsundaiðkendur í sveitarfélaginu til **æfingaferða erlendis** um 30.000 kr. á ári.

Sjá nánar um ofangreinda styrki [hér](#)

Aðrir tengdir styrkir fyrir alla aldurshópa:

- **Afreksstyrkur** úr Afrekssjóði Hvalfjarðarsveitar sem ætlaður er til þess að styðja við bakið á afrekisfólki sem á lögheimili í Hvalfjarðarsveit. Sjá nánar [hér](#)
- **Íþrótt- og æskulýðssjóður** sem hefur það markmið og hlutverk að styðja við íþrótt- og æskulýðsmál í Hvalfjarðarsveit, bæði til einstaklinga, félagasamtaka, hópa og stofnana. Sjá nánar [hér](#)



Í íþróttamiðstöðinni Heiðarborg er sundlaug, íþróttasalur og þreksalur. Sjá opnunartíma [hér](#)

KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Sveitarstjórn og fastanefndir hafa fengið ýmsar kynningar síðustu vikur, setið fjölda funda og mætt á ýmsa viðburði. Má þar m.a. nefna kynningu á vegum Unicef á barnvænu sveitarfélagi, stýrihópur vegna gerðar frístundastefnu sveitarfélagsins hélt tvo fundi í janúar auk þess sem stjórnarfundur Faxaflóahafna og stjórnarfundur SSV fóru fram.

Við upphaf árs bauð foreldrafélag leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar á vel heppnað jólaball í Heiðarskóla sem nemendur í 9. og 10. bekk héldu utan um í samstarfi við félagið gegn framlagi í ferðasjóð þeirra.

Miðvikudaginn 25. janúar sl. var haldinn kynningarfundur um breytta úrgangsstjórnun í Hvalfjarðarsveit, þar var vel mætt og góðar umræður mynduðust um hið brýna sameiginlega verkefni. Fulltrúar frá Íslenska gámafélaginu og umhverfisfulltrúi sveitarfélagsins kynntu breytt fyrirkomulag við sorphirðu, m.a. fjölgun íláta og aukna flokkun í anda hringrásarhagkerfisins og nýtt lagaumhverfi. Umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar sá til þess að enginn færi svangur af fundinum og bauð upp á gómsætt heimabakað bakkelsi. Á heimasíðu sveitarfélagsins, undir flýtihnappnum, „Úrgangsmál“ má finna allar helstu upplýsingar um málefnið og fyrirhugaðar breytingar en þar undir verður öllum upplýsingum haldið saman eftir því sem verkefninu framvindur, sjá [hér](#).

Fimmtudaginn 26. janúar sl. fór fram uppskeruhátíð Skýjaborgar í tengslum við þróunarverkefnið “Snemmtæk íhlutun í mál og læsi” sem leikskólinn hefur unnið að síðastliðið ár í samstarfi við Menntamálastofnun. Sveitarstjórn óskar öllum innilega til hamingju með afraksturinn í þessu metnaðarfulla verkefni.

Mikil gleði var á þorablóti Ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar, í Miðgarði laugardaginn 28. janúar síðastliðinn, þar sem sveitungar skemmtu sér saman og nutu veitinga. Þorablót Ungmennafélagsins Þrasta verður haldið í Miðgarði laugardaginn 18. febrúar nk. og ekki við öðru að búast en að þar verði einnig mikil gleði og gaman.

Félagstarf aldraðra er í fullum gangi með opnu húsi, sundleikfimi og öðrum skemmtilegum viðburðum. Þann 10. febrúar nk. er á dagskrá hjá þeim að fara og sjá Ferðabók Gísla Einarssonar á Landnámsetrinu í Borgarnesi og þann 15. febrúar nk. mun fara fram í Miðgarði þorablót 60 ára og eldri í Hvalfjarðarsveit.



Kynningarfundur
25. janúar



Uppskeruhátíð Skýjaborgar
26. janúar

ATVINNURÁÐGJAFI OG MENNINGARFULLTRÚI

Hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi starfa atvinnuráðgjafar sem veita atvinnuráðgjöf og menningarfulltrúi sem veitir menningarráðgjöf.

Sjá myndbandskynningu [hér](#)

- Sigursteinn Sigurðsson, menningarfulltrúi SSV, er með fasta viðveru í Hvalfjarðarsveit frá kl. 13 til 15 einu sinni í mánuði í stjórnsýsluhúsinu, Innrimel 3, Melahverfi. Næstu dagsetningar eru: 2.mars og 4.maí.
- Ólöf Guðmundsdóttir, atvinnuráðgjafi SSV, er með fasta viðveru í Hvalfjarðarsveit frá kl. 13 til 15 einu sinni í mánuði í stjórnsýsluhúsinu, Innrimel 3, Melahverfi. Næstu dagsetningar eru: 21. febrúar, 21. mars, 18. apríl og 16. maí.

Viðveru menningarfulltrúa og atvinnuráðgjafa SSV má alltaf finna inni á viðburðadagatali á heimasíðu sveitarfélagsins, sjá [hér](#).

ANNÆÐ

Sveitarstjórn vill minna á og hvetja aðila til að skoða og eftir atvikum nýta ábendingahnappinn inni á heimasíðu sveitarfélagsins, sjá [hér](#). Þar gefst íbúum, landeigendum, frístundahúsaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að senda inn ábendingu til sveitarstjórnar eða sveitarfélagsins. Ábending getur varðað hvað sem er, þjónustu, úrbætur, hrós eða annað sem viðkomandi vill koma á framfæri.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

Gleðilegan þorra

**Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**